

Selfossi, 12. sept. 2001

83. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn miðvikudaginn 12. september 2001, kl. 10:30 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Bjarni Einarsson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð hluthafafundar Kjötmjöls ehf. frá 4. sept. sl.

Þar kemu m.a. fram að hluthafafundurinn samþykki að auka hlutafé um allt að 55 m.kr. Formaður og framkvæmdastjóri skýrðu frá málefnum fyrirtækisins, en betur horfir með rekstur þess. Lögð var fram greiðsluáætlun Kjötmjöls til ársloka 2003. Eftirfarandi tillaga var lögð fram og samþykkt samhljóða:

“ Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands telur að fyrirliggjandi áætlanir um rekstur og fjárhagslega endurskipulagningu Kjötmjöls ehf. gefi tilefni til bjartsýni um framtíðarmöguleika fyrirtækisins og samþykkir að leggja til við aukafund Sorpstöðvar Suðurlands að samþykkja kr. 20,0 milljónir í hlutafjárkaup í Kjötmjöli ehf. Þannig mun Sorpstöð Suðurlands leggja sitt af mörkum til að tryggja rekstrargrundvöll Kjötmjöls ehf. til framtíðar”.

Jafnframt samþykkir stjórnin að boða til aukafundar Sorpstöðvar Suðurlands miðvikudaginn 19. september nk. kl. 10:00

2. Erindi frá Leikskólanum Álfheimum.

Samþykkt að styðja samstarfsverkefni Sorpstöðvar Suðurlands og Álfheima um kr. 50.000. Stjórnin stefnir að því að heimsækja leikskólann við tækifæri.

3. Upplýsingar um innvegið magn í Kirkjuferjuháleigu.

Samtals hafa borist fyrstu 8 mánuði ársins 19.247 tonn, sem skiptast á eftirfarandi hátt: 8.948 tonn frá sveitarfélögum, 6.992 tonn frá gámafyrirtækjum, 1.238 tonn frá sláturhúsum og 2.068 tonn frá öðrum.

4. Önnur mál.

a) Næsti fundur ákveðinn 26. sept. nk., kl. 10:00, þar verða lögð fram fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2002 ásamt drögum að þriggja ára áætlun.

Karl Björnsson
Þorvarður Hjaltason

Ágúst Ingi Ólafsson

Bjarni Einarsson

